

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. nóvember 2021

Greinargerð borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands með umræðu um félagslega blöndun í húsnæðisuppbyggingu borgarinnar

Húsnæði á viðráðanlegum kjörum á að vera aðgengilegt öllum. Húsnæði er einn grundvallarþáttur velferðar og mikilvægt að fólk hafi stað sem það geti leitað til sem er öruggt skjól frá áreiti. Við getum ekki öll greitt hátt verð fyrir húsnæði og almenn viðmið eru uppi um að kostnaður fyrir húsnæði eigi ekki að vera meira en sem nemur 25% af ráðstöfunartekjum heimilisins. Þrátt fyrir það er margt fólk sem neyðist til að greiða allt of hátt verð fyrir húsnæði eða samastað.

Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar stefnir að því að 25% nýrra íbúða verði á vegum húsnæðisfélaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þar af er stefnt að því að Félagbústaðir eigi 5% alls íbúðarhúsnæðis í borginni í öllum hverfum. Samtals eiga Félagbústaðir 4,9% íbúða í borginni en dreifingin er ójöfn innan borgarhluta. Mikilvægt er að tryggja að uppbygging húsnæðis stuðli ekki að því að einstaklingar sem eru betur settir efnahagslega búi í tilteknum hverfum. Uppbygging húsnæðis á félagslegum forsendum þarf að vera kröftug innan allra hverfa borgarinnar þá sérstaklega þar sem hallað hefur á slíka uppbyggingu.